

Listagallerí opn- að í Hafnarhúsinu

Áherslan lögð á samtímalist


Laugardaginn 9 maí opnar nýtt gallerí, Listmunahúsið, í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Eigandinn, Knútur Bruun, vill með stofnun gallerisins stuðla að nýtingu Hafnarhússins í þágu menningar og lista þegar framtíð þess verður ákveðin.

Knútur segir að Listmunahúsið muni einbeita sér að samtímalist. Hann segir að mest verði lagt upp úr sýningum frekar en sölu, þótt nauðsynlegt verði að selja líka. Annars leggur hann áherslu á að stofnun gallerisins sé fyrst og fremst hugsuð sem fyrsta skrefið í að breyta Hafnarhúsinu í eins konar listamiðstöð. „Ég sé fyrir mér að hérna á annari hæð verði skrifstofur félags tónverka- höfunda og sambands myndlistarmanna. Þessi samtök gætu þá staðið að tónleikum og höggmyndasýningum í miðju hússins eftir að búið væri að setja glerþak yfir portið. Þarna gætu einnig verið veitingahús og kaffistofur. Þá kæmi til greina að hafa þarna smá handverkstæði og antikverslun. Aðalatriðið er að þetta verði lifandi og skemmtilegt.“

Hugmyndir Knúts Bruun mið-

ast við að eigendur hússins setji glerþak yfir portið í miðju hússins. Síðan yrði það húsnæði sem leigja á út, leigt út til handverksmanna og viðskiptaaðila sem gætu innréttað hver eftir sínum smekk. „Það yrði slys ef samræma ætti hlutina af mikið og ef farið yrði út í dýrar framkvæmdir með marmara og annað“, segir hann. „Þetta á að vera alhliða miðstöð menningar og viðskipta, með mikið líf fyrir fólk. Þarna á fólk að geta komið inn í skjól undan veðri og vindum og notið þess sem hér er að gerast. Svona hús eru víða erlendis og hafa gefist vel.“

Knútur segir að hugmyndir hans séu mjög í samræmi við hugmyndir borgar- og hafnar-yfirvalda. „Borgarstjórnin hefur lagt áherslu á að endurlífga gamla miðbæinn. Hafnarhúsið er hluti að þeirri endurlífgun. Opn-



Knútur Bruun, eigandi Listmunahússins í Hafnarhúsinu.

un Listmunahússins er fyrsti tónn þessarar þróunar sem sleginn er í Hafnarhúsinu,“ segir Knútur Bruun, sem er bjartsýnn á framtíðina.

Á fyrstu sýningu Listmunahússins, verða sýnd verk eftir Jón Gunnar Árnason, Brynhildi Þorgeirsdóttur og Daníel Magnússon. Auk þess verða sýndar nokkrar bronsasteypur eftir Gerði Helgadóttur, sem gerðar hafa verið að frumkvæði Lista- og Menningarráðs Kópavogs. Einnig verða á sýningunni stórir keramikvasar eftir Kolbrúnu Björgólfsdóttur.

Sjónvarpsþættirnir Sigla himinfley:

Höfðum náð mála- miðlun við RUV

—segir Guðrún Alfreðsdóttir fráfarandi formaður Félags leikara

GUÐRÚN Alfreðsdóttir fráfarandi formaður Félags íslenskra leikara segir að deilan um greiðslur fyrir sýningar á sjónvarpsþáttunum Sigla himinfley sé mál sem leysa verði ytra. „Þetta er ekki deila á milli okkar og Sjónvarpsins heldur deila milli leikara á Norðurlöndum og Norræna sjónvarpsjóðsins,“ segir Guðrún. „Það verður að leysa hnútin ytra en við hér heima vorum komin með málamiðlun við Sjónvarpið varðandi þessa þætti þegar sjóðurinn kippti að sér höndunum og neitaði að fallast á það.“

Eins og fram kom í frétt í Morgunblaðinu í gærdeg telur Norræni sjónvarpsjóðurinn, sem fjármagnar að verulegu leyti gerð Sigla himinfley, að beita beri svokallaðri EBU-gjaldskrá þegar um er að ræða greiðslur til leikara fyrir sýningar á öðrum Norðurlöndum en heimalandi viðkomandi leikara og að þá verði greidd 20% af upphaflegri greiðslu fyrir vinnuna sem leikarinn ynni af hendi. Áður fyrr giltu þær reglur um þessar endurgreiðslur að þær námu 90% fyrir íslenska leikara en 75% fyrir leikara á öðrum Norðurlöndum ef mynd var sýnd á Íslandi auk þriggja af hinum Norðurlöndunum.

Guðrún Alfreðsdóttir segir að við samningsgerð milli leikara hérlandis og Sjónvarpsins hafi verið gerð málamiðlun um að þessi greiðsla yrði 40%

og hefði Sjónvarpið fallist á það fyrir sitt leyti. Hinsvegar hafi Norræni sjónvarpsjóðurinn hafnað þessu samkomulagi. „Við töldum okkur hafa gengið eins langt og við gátum í málinu og Sjónvarpið hafði fullan skilning á okkar málstað enda gáfum við einnig eftir á öðrum launatengdum sviðum,“ segir Guðrún. „Ég veit ekki hvert framhald þessa máls verður því það er ekki lengur í okkar höndum. Nú sem stendur eiga sænskir leikarar í hatrammi deilu við sænska sjónvarpið um svipað mál en Danir hafa aftur á móti samið á svipuðum nótum og við ætludum að semja við Sjónvarpið hér. Ég á ekki von á að nein niðurstaða fáið fyrir en þessi mál hafi verið leyst á öllum hinum Norðurlöndunum.“

Listamenn fá í fyrsta skipti laun samkvæmt nýjum lögum

182 hljóta laun en 496 sóttu um

Úthlutunarnefndir listamannalauna, samkvæmt lögum nr. 35/1991, hafa fyrir nokkru lokið störfum. Er þetta í fyrsta sinn sem listamannalaunum er úthlutað samkvæmt þessum lögum. Alls bárust 496 umsóknir um starfslaun listamanna en 182 hljóta laun.

Listasjóði bárust 66 umsóknir, Launasjóði myndlistarmanna bárust 184 umsóknir, Launasjóði rithöfundum bárust 211 umsóknir, og Tónskáldasjóði bárust 35 umsóknir.

Eftirtöldum listamönnum voru veitt starfslaun sem hér segir:

Úr launasjóði myndlistarmanna:

3 ár: Björg Þorsteinsdóttir, Helgi Þorgils Friðjónsson, Kristinn Guðbrandur Harðarson, Rúri (Þuríður Fannberg).

1 ár: Finnþógi Pétursson, Halldór Ásgeirsson, Jónína Guðnadóttir, Magnús Pálsson, Ragnheiður

Jónsdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir.

6 mánuðir: Ása Ólafsdóttir, Ástríður (Ásta) Ólafsdóttir, Birgir Andrésson, Cornelies (Kees) Visser, Eggert Pétursson, Georg Guðni Hauksson, Guðjón Ketilsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Hafsteinn Austmann, Hallsteinn Sigurðsson, Hannes Lárusson, Harpa Björnsdóttir, Hrafnkell Sigurðsson, Kristinn E. Hrafnsson, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Magnús Tómasson, Níels Hafstein Steinþórsson, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Örn Þorsteinsson.

Úr launasjóði rithöfunda:

3 ár: Einar Kárasen, Steinunn Sigurðardóttir.

1 ár: Birgir Sigurðsson, Einar Már Guðmundsson, Gyrðir Elíasson, Kristín Steinsdóttir, Kristján Karlsson, Pétur Gunnarsson, Vígdís Grímsdóttir, Þórarinn Eldjárn.

6 mánuðir: Andrés Indriðason, Anton Helgi Jónsson, Björn Th. Björnsson, Böðvar Guðmundsson, Egill Egilsson, Einar Bragi, Guðbergur Bergsson, Guðjón Friðriks-son, Guðlaugur Arason, Guðmundur Ólafsson, Guðmundur Steinsson, Hallgrímur Helgason, Hannes Sigfússon, Heiður Baldursdóttir, Iðunn Steinsdóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir, Ísak Harðarson, Jón Óskar, Kristín Ómarsdóttir, Kristján Kristjánsson, Nína Björk Árnadóttir, Ólafur Gunnarsson, Ólafur Haukur Símónarson, Óskar Árni Óskarsson, Páll Pálsson, Rúnar Ármann Arthúrssen, Rúnar Helgi Vignisson, Sigfús Bjartmarsson, Sigfús Daðason, Sigrún Eldjárn, Sigurður A. Magnússon, Sigurður Pálsson, Sigurjón B. Sigurðsson, Stefán Hörður Grímsson, Steinar Sigurjónsson, Sveinbjörn I. Baldvinsson, Þorgeir Þorgeirsson, Þorsteinn frá Hamri, Þórunn Valdimarsdóttir, Þuríður Guðmundsdóttir.

Úr Tónskáldasjóði:

3 ár: Leifur Þórarinnsson, Áskell Másson.

1 ár: Karólína Eiríksdóttir, Gunnar Reynir Sveinsson.

6 mánuðir: Hröðmar Ingi Sigurbjörnsson, Stefán S. Stefánsson.

Úr Listasjóði, a) leikhúslistamenn:

3 ár: Brynja Benediktsdóttir.

1 ár: Viðar Eggertsson.

6 mánuðir: Ásgeir Sigurvalds-son, Bára L. Magnúsdóttir, Gunnar Þórðarson, Hávar Sigurjónsson, Hlín Agnarsdóttir, Jóhann Sigurðsson, Pétur Einarsson, Pétur Eggerz, Sigríður Eypórsdóttir, Helga Braga Jónsdóttir, Örn Ingi.

b) tónlistarmenn:


1 ár: Guðni Fransson, Kolbeinn

Bjarnason, Sigrún Eðvaldsdóttir, Þorsteinn Gauti Sigurðsson.

6 mánuðir: Bryndís Halla Gylfadóttir, Jónas Ingimundarson, Lára Rafnsdóttir, Martial Guðjón Nardeau, Örn Magnússon, Selma Guðmundsdóttir, Ásthildur Haraldsdóttir, Sigurður Flosason.

Auk þess voru veitt listamannalaun til þeirra listamanna sem fengið hafa listamannalaun undanfarin ár og eru orðnir 60 ára og eldri, skv. 3 gr. laga nr. 35/1991 og ekki fengu starfslaun. Hver fær styrk að fjárhæð kr. 85.000,- Þeir eru:

Agnar Þórðarson, Ármann Kr. Einarsson, Árni Björnsson, Ásgerður Búadóttir, Benedikt Gunnarsson, Bragi Ásgeirsson, Bragi Sigurjónsson, Einar G. Baldvinsson, Eiríkur Smith, Eypór Stefánsson, Elías B. Halldórsson, Filippía Kristjánsdóttir, Gísli Halldórsson, Gísli Magnússon, Gísli Sigurðsson, Guðmundur Andrésdóttir, Guðmundur L. Friðfinnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Ingi Kristjánsson, Gunnar Eyjólfsson, Gunnar Dal (Halld. Sig.), Hallgrímur Helgason, Helgi Sæmundsson, Herdís Þorvaldsdóttir, Hjörleifur Sigurðsson, Hrólfur Sigurðsson, Hörður Ágústsson, Jóhannes Jóhannesson, Jóhannes Helgi Jónsson, Jóhannes, Geir Jónsson, Jón Ásgeirsson, Jón Björnsson, Jón Dan Jónsson, Jón Þórarinnsson, Jónas Árnason, Karen Agnete Þórarinnsson, Kjartan Guðjónsson, Kristinn Hallsson, Kristinn Rey, Kristján Einarsson, Magnús Blöndal Jóhannsson, Magnús Jónsson, Ólöf Páldóttir, Óskar Aðalsteinsson, Pjetur Friðrik Sigurðsson, Róbert Arnfinnsson, Rúrki Haraldsson, Rögnvaldur Sigurjónsson, Sigurður Hallmarsson, Sigurður Sigurðsson, Skúli Halldórsson, Stefán Júlíusson, Steingrímur Sigurðsson, Svava Jakobsdóttir, Sveinn Björnsson, Tryggvi Emilsson, Veturliði Gunnarsson, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þórunn Elfa Magnúsdóttir, Þuríður Páldóttir, Örlýgur Sigurðsson.



Bessastaðahreppur:

Sönghátíð og lokatónleikar Tónlistarskólans

Í TÍLEFNI af ári söngsins verður efnt til sönghátíðar í hátíðarsal íþróttahússins í Bessastaðahreppi laugardaginn 9. maí kl. 16.00.

Aðalefni hátíðarinnar verður fjöldasöngur við undirleik kennara og nemenda Tónlistarskólans. Einnig syngur Barnakórinn undir stjórn Þórdísar Þórhallsdóttur, Álfaneskórinn undir stjórn John Speight og Krakkakotskórinn nokkur lög.

Sama dag kl. 17.00 verða seinni tónleikar Tónlistarskólans á þessu vori og skólaslit. Þar koma fram m.a. lengra komnir nemendur, minnstu börnin þ.e. forskóli I og hljómsveitin um leika nokkur lög undir stjórn Wilmu Young. Þá verða prófskirteini afhent.

Grásleppuvertíðin hafin í Arneshreppi

Trékyllisvík.

GRÁSLEPPUKARLAR í Arneshreppi eru nú í óðaönn að koma netum sínum í sjó og þrátt fyrir dræmar gæftir hefur flestum tekist að leggja. Grásleppuveiði er stunduð frá 7 til 8 þægjum í hreppum auk þess sem sumaríðbúar stunda einhverja veiði.

Grásleppuveiðin tengist á einn eða annan hátt lífi allra íbúanna. Bóndinn sækir sjóinn, húsmóðirin gefur búfénu, börn og eldra fólk bíða spennt eftir að báturinn komi í land og allir vonast eftir góðum afla. Ef tveir eða fleiri koma saman ræða menn um grásleppu og rauðmaga, eru menn að fá 'ann, hversu margar trossur eru komnar í sjó, er sjóveikinn nokkuð að angra menn, er ekki útlitið gott?

Að sögn kunnugra er allt útlit fyrir góða veiði og þeir sem vitja að hafa um eru nokkuð ánægðir með fenginn. Fyrsti báturinn til

að leggja var Guðmundur Gísli frá Munaðarnesi. Að sögn Guðmundar Jónssonar formanns lagði hann snemma í ár og segir hann að það sé ágætis kropp, grásleppan stór og full af hrognum. Aðspurður sagði Guðmundur að það væri alltaf einhver slæðingur af öðrum fiski í netunum, s.s. rauðspretta, tindabikkja og þorskur. Einnig fengu þeir reyting af gaddakrabba, hörpuskel og ígulkerjum. Allt er þetta matur og telst kærkominn tilbreyting á matseðli strandamanna.

- V. Hansen.

Gítartónleikar í Kristskirkju

KRISTINN H. Árnason gítarleikari heldur tónleika í Kristskirkju laugardaginn 9. maí nk. Tónleikarnir hefjast kl. 17. Á efnisskránni eru verk eftir Luis Milan, J.S. Bach, Hans Werner Henze, M. Giuliani, Frank Martin og J. Rodrigo.

Kristinn tók burtfararpróf frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar árið 1983. Árið 1987 lauk hann BM-gráðu frá Manhattan School of Music í New York. Kristinn hefur einnig stundað nám í Englandi og á Spáni. Hann hefur tekið þátt í námskeiðum hjá Andrés Segovia og Manuel Barrueco. Kristinn hefur haldið tónleika á Íslandi, í Bandaríkjunum og á Ítalíu auk þess sem hann hefur komið fram í útvarpi og sjónvarpi.